

Garðar Hólm snýr aftur

BÆKUR

Ævisaga

LÍFIÐ LÉK VIÐ MIG

Jón Laxdal Halldórsson leikari segir frá óvenjulegri ævi sinni. Haraldur Jóhannsson skráði, 247 bls. með nafnaskrá, Skjaldborg 2001.

Jón Laxdal, leikarinn góðkunni, býr nú í Sviss og rekur eigið leikhús þar sem hann setur upp og leikstýrir m.a. Shakespeare og Molière og leikur sjálfur á þýsku. Hann fór ungur utan og hefur lítið leikið hér á landi síðan en ógleymanleg er frammistaða hans sem Garðar Hólm í Brekkukotsannál og í hlutverki Steinars undir Steinhliðum í Paradísarheimt. Gerð þessara kvikmynda, erfiðum tókum og ströngum æfingum, er lýst í nýútkominni ævisögu Jóns (kallaður Lassi) og birtar myndir með. Jón skrifaði handritið að báðum kvikmyndunum og eru frásagnir af því og samvinnu við Rolf Hädrich og Halldór Laxness afar áhugaverðar. Jón tengir sig á skemmtilegan hátt við þá báða, Garðar Hólm og Steinar; hann hefur fundið sinn hreina tón sem Garðar fann aldrei; og hann veit eins og Steinar að Paradís býr innra með honum sjálfum.

Vandi ævisagna er oftast fólgin í því hverju beri að segja frá og hverju beri að sleppa. Skeleggur skrásetjari verður að greina á milli aðal- og aukaatriða, söguefnis og útdúrla sem engu máli skipta. Haraldur Jóhannsson sem skráir sögu Jóns hefði svo sannarlega mátt vera vandlátari í þessum efnum. Fjölskyldumál Jóns eru óvenjuleg en óþarflega mikið er gert úr þeim í bókinni. Sögur af ástálfi Jóns á yngri árum eru einkamál og spurning hver tilgangurinn sé með að setja þær á prent. Þær eru hvorki hispurslausar né opinskáar þótt svo segi á bókarkápu og bæta engu við mynd Jóns í huga lesandans. Fengur væri að meiri umfjöllun um líf leikara almennt, leiklistarnám og leikhús heima og erlendis. Spannandi væri jafnvel að heyra meira um pólitík kalda stríðsins sem stígaði Jóni og maka hans sundur um langa hríð. Einn þáttur sögunnar er sam-/tvíkynhneigið Jóns en sú umfjöllun er hvorki markviss né spennandi. Jón virðist hafa óvenjulegar skoðanir á mörgum hlutum, hann hefur aflað sér víðtækrar reynslu og lífsspeki hans er friðsöm og heildstæð en þetta skilar sér ekki nógu vel í bókinni því hún er illa byggð og skrifuð á upphöfnu og óþjálu máli.

Frásagnarhátturinn er stærsti gallinn á bókinni. Í upphafi er sagt að þetta eigi að verða viðtalsbók (7) en svo er þó ekki. Jón lætur gamminn geisa um lífið, leiklistina og ástina, Laxness og Dürrenmatt, en inn á milli koma stutt innskot Haraldar og eru þau mestmegnis útlekkingar á persónuleika Jóns, brot úr leiklistargagnrýni eða frásagnir fólks af kynnum við hann, s.s. Elíasar Mar, Þóru Friðriksdóttur og Sveins Einarssonar. Jón og Haraldur virðast hafa hist nokkrum sinnum og rætt saman, síðan hefur Haraldur skráð frásögn Jóns – í afskaplega stirðlegum stíl. Hann segir t.d. á einum stað í örstuttu innskoti: „Hæruskotnu alskeggi viðmælanda míns tekst ekki að hylja barnslegan svip andlits hans, né heldur uppgerðarlaust brosið, sem mildur en svolítið pírdur augnsvipurinn undirstrikar“ (28). Jón hefur frá ótal mörgu að segja og hefði góður viðmælandi e.t.v. getað gert sögu hans stórskemmtilega. En Haraldur er alltof hástemmdur og kemst óþarflega oft klaufalega að orði: „Hann [Jón] elskar tilveruna, mannlífið, náttúruna og væri vís til að leggja krók á leið sína til að verða lítilmagna að liði ef þörf væri á og spyrdi þá ekki endilega hvort um menn eða dýr væri að ræða.

Lassi talar oft og gjarnan mikið en gefur sér þó tíma til að hugsa. Hann er laus við það sem við köllum á íslensku mont en honum er fyllilega ljóst hvar hann stendur og lætur engan villa sér sýn í þeim efnum. Hann er alltaf skemmtilegur og aldrei leiðinlegur. Lífið í kringum hann er fagurt, hann skynjar það og gætir þess til hins ítrasta að ata ekki auri hinn smæsta einstakling í þeirri undursamlegu heild...“ (110-111).

Jón/Lassi er örugglega hafsjór af sögum um lífið og leiklistina en þær lifna ekki á síðum þessarar bókar. Söguefnið, hvernig lífið leikur við Jón Laxdal, er ofurliði borið af mæðarlegum stíl og sumar sögur hans eiga ekkert erindi að heiman – frekar en Garðar Hólm forðum.

Steinunn Inga Óttarsdóttir